# Námsáætlun fyrir náttúrufræði - 5. bekkur
## Skólaárið 2024 - 2025

**Kennari:** Andrea Kristín Bosma og Þórunn Katla Tómasdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Geta til aðgerða og ábyrgð á umhverfi** | Nemandi geti:<br><br>Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.<br><br>Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.<br><br>Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru. | Nemendur kynna sér tækni í víðum skilningi. Skoða hvaða breytingar hafa orðið á síðustu árum í tækni. | Hópverkefni og virkni |
| **Gildi og hlutverk vísinda og tækni** | Tengt þekkingu og beitinguvinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu. | Nemendur vinna með hugtök og búa til hugtakakort og vinna í vinnubókum | virkni |
| **Vinnubrögð og færni** | Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni | Ýmsar athuganir á einföldum tækjum. Einnig þarf nemandi að geta lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim | skýrslugerð |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.<br><br>Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra | | |
| **Að búa á jörðinni og lífsskilyrði manna** | Rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs<br><br>Gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun.<br><br>Útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu. | Nemendur afla sér upplýsingar um veður og veðurfar á Íslandi. Vinna hugtakakort og greina veður í heimabæ sínum. | Virkni, samvinna og verkefnavinna |
| **Náttúra Íslands og heilbrigði umhverfis** | Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrgðis og við umhverfi sitt<br><br>Lýst ólíkum vistkerfum  áheimaslóð eða við Ísland<br><br>Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og umhverfi sitt. | Vettvangsferðir í móa, síki og fjöru. Skordýr og plöntur skoðaðar. Spendýr og fuglar skoðaðir. Hugtakavinna og hópverkefni | Verkefnavinna og virkni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.<br><br>Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna. | | |

**Námsgögn:**
Náttúrulega 1 lesbók tekið í lotum, Ýmsar fræðslumyndir, uppflettibækur s.s. Íslenski fuglavísirinn og íslenska plöntuhandbókin.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.